

## Úrskurður nr. 13/2005.

**Kærður er úrskurður tollstjórans í Reykjavík um tollmeðferð á bifreið sem áformað var að breyta með það í huga að auðvelda aðgang fyrir fatlaða. Tollstjóri hafnaði endurgreiðslu aðflutningsgjalda (vörugjalds) vegna breytinganna þar sem ekki hafði verið gerð grein fyrir þeim við tollafgreiðslu bifreiðarinnar. Kærandi krefst þess að vörugjaldið verði fellt niður. Ríkistollanefnd fellst á kröfur kæranda í málinu.**

Með bréfi, dags. 12. desember 2005, framsendi fjármálaráðuneytið til ríkistollanefndar kæru A og B. Í fyrrnefndu erindi til fjármálaráðuneytisins kemur m.a fram að A og B. höfðu leitað til ráðuneytisins til að kanna hvort tók væru á að fella niður vörugjald af bifreið með skrásetningarnúmerið ZU-191 sem hann hafði flutt til landsins, í sendingu E REB 24 05 5 US NEN R155 og tollafgreidd í maímánuði 2005. Var kæra frá kærendum móttækin hjá ríkistollanefnd þann 10. janúar s.l. Þar kemur fram að bifreiðin hafi verið flutt inn með það í huga að setja í hana lyftu fyrir hjólastól til að auðvelda kærendum og fötluðu barni þeirra að komast á milli staða. Verkið hefur dregist aðallega vegna skoðunar á ýmsum útfærslum á búnaði og sumarfría starfsfólks Tryggingastofnunar. Nú hefur Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar gefið samþykki fyrir kaupum á ákveðinni gerð af lyftu. Við tollafgreiðslu bifreiðarinnar var kærendum gert að greiða vörugjald af bifreiðinni. Kærandi krefst þess að vörugjald verði fellt niður af innflutningnum. Tollstjóri hafnar því í hinum kærða úrskurði.

Í kærinni kemur m.a. fram að bifreiðin hafi verið flutt inn til landsins í þeim eina tilgangi að mæta sérhæfðum þörfum dóttur kæranda, en hún er haldin mjög alvarlegum hrönnunarsjúkdómi. Bifreiðin var tollafgreidd í maímánuði 2005. Vinna við umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins um lyftu í bifreiðina hafði hafist nokkru fyrr eða í marsmánuði 2005. Þegar bifreiðin kom til landsins var umsóknin ekki komin í hendur Tryggingastofnunar ríkisins og hafði því ekki hlotið afgreiðslu. Vegna sumarleyfa hjá Tryggingastofnun tafðist málið enn frekar og endanlegur úrskurður þar sem lyftubúnaður er samþykktur var kveðinn upp þann 2. nóvember 2005.

Þá segir að þegar bifreiðin hafi verið leyst úr tolli vissi kærandi ekki um þau skilyrði að bifreið þyrfti að vera ótollafgreidd ef til niðurfellingar vörugjalda ætti að koma. En miðað við ástand dóttur kæranda telur hann ljóst að brýn þörf hafi verið fyrir sérhæfða bifreið með rými fyrir hjólastól. Ekki hefði verið mögulegt að hafa bifreiðina í tolli í allt sumar og það sem af er vetri.

Kærandi fer því fram á við ríkistollanefnd að hún taki tillit til grandaleysis umsækjanda varðandi þau skilyrði sem uppfylla þyrfti til þess að fá vörugjöld af bifreiðinni felld niður.

---

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra kemur m.a. fram að í 19. grein reglugerðar 331/2000 um vörugjald á ökutækjum segir:

*„2. Vörugjald skal falla niður af bifreiðum, sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins, að því tilskildu að bifreið verði skráð eign annað hvort hins fatlaða sjálfs eða ríkis, sveitafélaga eða stofnana á þeirra vegum”.*

Í 4. gr. reglugerðar 791/2000 um breytingu á reglugerð 331/2000 segir:

*„Ekki skal lækka eða fella niður vörugjald samkvæmt þessum kafla nema sótt sé um eftirgjöf fyrir nýskráningu eða í beinum tengslum við hana”.*

Samkvæmt ofangreindum tilvísunum í reglugerðir telur tollstjóri sig ekki hafa heimild lögum samkvæmt að verða við ósk innflytjanda um niðurfellingu á vörugjaldi á bifreiðinni ZU-191.

---

Með bréfi, dags. 17. janúar 2006, var tollstjóranum í Reykjavík send kæran til umsagnar. Í svari sem barst þann 13. febrúar s.l. segir meðal annars að samkvæmt 1-lið 1. tl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, skulu bifreiðar fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á þeim, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu, og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins vera undanþegnar vörugjaldi. Í reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum, er fyrrgreint ákvæði nánar útfært.

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 331/2000 skal vörugjald falla niður af bifreiðum, sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins. Þá kemur jafnframt fram að skilyrði fyrir niðurfellingu sé að bifreiðin verði skráð eign ríkis, sveitarfélaga eða stofnana þeirra eða hins fatlaða sjálfs. Þó er heimilt ef hinn fatlaði er barn að skrá bifreiðina á forráðamann barnsins.

Ennfremur segir í greinargerð tollstjóra að samkvæmt 1-lið 1. tl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum, skuli bifreiðar sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu, og Tryggingastofnun ríkisins hefur samþykkt undanþegnar vörugjaldi.

Þegar litið sé til aðstæðna kæranda telur tollstjórinn í Reykjavík ljóst að mikilvægt hafi verið fyrir þau að fá bifreiðina afgreidda úr tolli til að geta hagnýtt sér hana ásamt viðeigandi hjálpartækjabúnaði sem fyrst. Tollstjóri vitnar til 1. mgr. 7. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Þar kemur fram að stjórnvald skuli veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál er snerta starfssvið þess. Í leiðbeiningarskyldu stjórnvalda felst að veita þær leiðbeiningar sem honum eru nauðsynlegar svo að hann geti gætt hagsmuna sinna á sem bestan hátt.

Þá ber stjórnvaldi jafnframt að veita hlutaðeigandi aðila máls leiðbeiningar að eigin frumkvæði t.d. þegar ljóst er að aðili gæti misskilið réttarreglur sem gæti leitt til þess að lögbundin réttindi hans yrðu skert. Jafnframt má nefna að í 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 felst að aldrei megi íþyngja almenningi að nauðsynjalaus og að stjórnvaldsákvörðun verður að vera til þess fallin að ná því *markmiði* sem að er stefnt.

Þá segir í greinargerð tollstjórans í Reykjavík að í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 8/2000 um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, komi eftirfarandi fram:

*“Undanfarin ár hefur vörugjald af fólksbifreiðum verið lækkað í áföngum og gjaldfloknum fækkað. Með þessu hefur almenningi verið gert auðveldara að kaupa þær gerðir bifreiða sem*

*hann telur best henta þörfum sínum. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er stefnt að því að stíga eitt skref enn í átt til minni neyslustýringar og auðvelda fólki þannig að kaupa öruggari og betur búnað bifreiðar. Ór þróun hefur orðið í öryggisbúnaði bifreiða undanfarin ár og nú bjóðast betur útbúnað og öruggari bifreiðar en áður.....,*

Í athugasemdum við 3. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 8/2000 um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum komi eftirfarandi fram:

*“Nú er lagt 30% vörugjald á bifreiðar fyrir fatlaða sem eru sérstaklega búnað til flutnings á þeim, þ.m.t. búnað hjólastólalýftu, og samþykktar eru af Tryggingastofnun ríkisins. Samkvæmt almennum reglum ættu þessar bifreiðar að bera 40-65% vörugjald. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu á almennum vörugjöldum er lagt til að vörugjald af framangreindum bifreiðum fyrir fatlaða verði lækkað í 10%.,,*

Þá segir í greinargerð tollstjóra að í hinum kærða úrskurði, dags. 29. september 2005, sé kæranda hafnað um niðurfellingu vörugjalds vegna innflutnings á bifreið ZU-191 með vísan til 4. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 331/2000. Tollstjórinn í Reykjavík vill í þessu sambandi benda á að samkvæmt 27. gr. laga nr. 29/1993, sbr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. nú 116. gr. tollalaga nr. 88/2005, sé kveðið skýrt á um rétt innflytjanda til þess að leiðrétta aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu. Í athugasemdum við 116. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 88/2005 kemur eftirfarandi fram:

*“Í 116. gr. er fjallað um leiðréttingu aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu að kröfu innflytjanda. Í greinargerð með 99. gr. gildandi tollalaga kom fram að lagt væri til með greininni að tiltekinn yrði ákveðinn frestur, allt að 60 dagar fyrir hvorn aðila til þess að krefjast leiðréttingar. Tilvitnuð ummæli í greinargerð gera ráð fyrir að bæði tollstjóri og innflytjandi eða umboðsmaður innflytjanda eftir atvikum geti krafist leiðréttingar upplýsinga í aðflutningsskjölum. Hins vegar er eingöngu mælt fyrir um skyldu tollstjóra til þess að endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld í samræmi við ákvæði greinarinnar. Þykir ástæða til að kveða skýrt á um rétt innflytjanda til þess að koma fram með leiðréttingar á framlögðum aðflutningsskjölum eða viðbætur við þau eftir tollafgreiðslu vöru í sérstakri grein. Með þeim hætti er tekinn af allur vafi um þetta atriði. Að auki er lagt til að frestur innflytjanda til þess að koma að leiðréttingum á aðflutningsskjölum samsvari heimildum tollstjóra til endurákvörðunar gjalda, sbr. 111. og 112. gr. frumvarpsins og 99. gr. gildandi tollalaga. Það er afar mikilvægt að réttar og fullnægjandi upplýsingar liggja til grundvallar tollafgreiðslu vöru. Þess vegna er innflytjendum ekki einungis veittur réttur til þess að leggja fram beiðni um leiðréttingu aðflutningsskjala heldur er einnig lögð á þá sú skylda að koma fram með leiðréttingar verði þeir þess varir að upplýsingar sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru hafi verið rangar eða ófullnægjandi.,,*

Með vísan til ofangreinds og atvika málsins að öðru leyti telur tollstjórinn í Reykjavík að öll efnisleg rök mæli með því að tekið verði tillit til sjónarmiða kæranda þegar mál þetta verður tekið til úrskurðar.

---

Kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 13. febrúar 2006. Í svari sem barst nefndinni þann 1. mars 2006 er það ítrekað að bifreiðin hafi verið flutt inn í þeim eina tilgangi að mæta sérhæfðum þörfum hins veika barns kæranda. Óskað er eftir að ríkistollanefnd taki undir þau sjónarmið er fram komi í umsögn tollstjórans í Reykjavík á þann veg að vörugjöld verði felld niður af bifreiðinni.

---

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið á fundum og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Kærandi flutti inn bifreiðina ZU-191 sem er af gerðinni Chevy Van, árgerð 2004. Af gögnum má ráða að bifreiðin hafi verið tollafgreidd hjá tollstjóranum á Selfossi þann 27. maí 2005. Innflytjandi óskar eftir niðurfellingu á vörugjöldum þann 27. september 2005 af umræddri bifreið með vísan til 1-liðar 1. tl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr.

331/2000 um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum. Tollstjóri hafnar þessari beiðni innflytjanda í úrskurði, dags. 29. september 2005, með vísan til 21. gr. reglugerðar nr. 331/2000, með síðari breytingum.

Tollstjórinn í Reykjavík tekur undir kröfur kæranda í málinu og telur að tollstjóri hefði með vísan til 1. mgr. 7. gr. stjórnáskýslulaga nr. 37/1993 átt að sinna leiðbeiningaskyldu, en þar segir m.a. að stjórnvald skuli veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál er snerta starfssvið þess. Ennfremur að stjórnvaldi beri að veita hlutaðeigandi aðila máls leiðbeiningar að eigin frumkvæði t.d. þegar ljóst er að aðili gæti misskilið réttarreglur sem gæti leitt til þess að lögbundin réttindi hans yrðu skert. Þá bendir tollstjóri á að í 12. gr. stjórnáskýslulaga nr. 37/1993 felist að aldrei megi íþyngja almenningi að nauðsynjalausu og að stjórnvaldsákvörðun verður að vera til þess fallin að ná því *markmiði* sem að er stefnt. Tollstjórinn í Reykjavík bendir á að samkvæmt 27. gr. laga nr. 29/1993, sbr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. nú 116. gr. tollalaga nr. 88/2005, sé kveðið skýrt á um rétt innflytjanda til þess að leiðrétta aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu.

Tollafgreiðsla þessarar bifreiðarinnar ZU-191 átti sér stað þann 27. maí 2005. Á tollskýrslu kemur fram að IB ehf., hafi tollafgreitt bifreiðina. Umsókn um lyftu og festingar fyrir hjólastól í umrædda bifreið var hins vegar móttekin í hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins þann 17. ágúst 2005. Umsóknin var samþykkt þann 1. nóvember 2005. Í kæru sinni til ríkistollanefndar tekur kærandi það fram að hann hafi ekki vitað um þau skilyrði að bifreið þyrfti að vera ótollafgreidd til að vörugjaldsívilnunin skv. 19. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum væri virk.

Nefndarmenn telja það ljóst nú að bifreiðin ZU-191 er flutt inn með það í huga að breyta henni þannig að hún uppfylli þarfir fatlaðs barns kæranda. Miðað við þau gögn og upplýsingar sem tollstjóri hafði í höndum við tollafgreiðslu málsins er ekki annað að sjá en afgreiðsla málsins af hans hálfu hafi eins og á stóð verið rétt. Með hliðsjón af síðar fram komnum upplýsingum, en einkum vegna krafna tollstjórans í Reykjavík sem eru samhljóða kröfum kæranda þykir ríkistollanefnd rétt að taka til greina kröfur kæranda og fella niður vörugjald af tilgreindri bifreið.

Eins og mál er vaxið telja nefndarmenn ekki rétt að reikna dráttarvexti á endurgreiðslu vörugjalds. Með vísan til 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjóra dags 29. sept. 2005, er felldur úr gildi. Endurgreiða ber kæranda vörugjald vegna innflutnings bifreiðarinnar ZU-191.